

2I.tbl.

24.maí. 2023

30 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



STARF

Verkefnastjóri á Mývatnssvæði

Á Mývatnssvæði starfar öflugur hópur fólks með breiða tæknipækkingu og reynslu af nýtingu jarðhita við vinnslu endurnýjanlegrar orku.

Við leitum að metnaðarfullum verkefnisstjóra til að stýra stórum sem smáum verkefnum fyrir rekstur jarðgufuvirkjana svæðisins og koma að umbótum í rekstri þess. Verkefnastjóri hefur drifkraft, umbótavilja og getu til að starfa sjálfstætt að úrlausn flókinna verkefna en lipurð í samskiptum og samstarfshæfni eru eiginleikar sem við sækjumst sérstaklega eftir.

Hæfni og þekking:

- Menntun á sviði véla og rafmagns eða háskólamenntun sem nýst í starfi
- Yfirgripsmikil reynsla af verkefnastjórn, samningsgerð, innkaupum og fjárhagsáætlanagerð
- Þekking á viðhaldi véla-, rafbúnaðar og mannvirkja
- Þekking á jarðvarmavirkjunum er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til með 4. júní

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf

Íbúð á Laugum til leigu

Íbúðin er í Breiðanesi - smiðju við Hjallaveg í Reykjadal. Íbúðin er ný frá árinu 2019 og er um 100 fm²; eldhús, stofa, forstofa, þvottahús, 2 salerni og 3 svefnherbergi. Hún er laus frá 1. ágúst og leigist ótímabundið á 160.000.- á mánuði með hita plús rafmagn. Hægt er að semja um afnot af húsbúnaði.

Nánari upplýsingar um leigu gefur Anita í s. 698-5161 eða Ragnar s. 898-9846.

Vakin er athygli á að eignin öll, íbúðin ásamt 100fm² verkstæði, er til sölu hjá Lögeign fasteignasölu. Eigendur skoða einnig sölu á eingöngu íbúðinni ef áhugi er fyrir því. Nánari upplýsingar um sölu veitir Hermann Aðalgeirsson fasteignasali hjá Lögeign í S. 865-7430.

Póroddsstaðarsókn

Aðalsafnaðarfundur Póroddsstaðarsóknar
verður haldinn

miðvikudaginn 31. maí kl. 20 í kirkjunni

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf
og kosningar

Sóknarnefnd Póroddsstaðarkirkju



FRÁ 25. MAÍ
VERÐUR OPIÐ
10:00-23:00
ALLA DAGA

VERIÐ ÖLL HJARTANLEGA VELKOMIN
Í JARÐBÖÐIN



JARÐBÖÐIN
VIÐ MÝVATN

ORKUVEISLA Í MÝVATNSSVEIT

26.-27. MAÍ 2023



26. MAÍ

16:00 - Skráning f. Hraunhlaupið opnar í Kaffi Borgum

18:00 - Hraunhlaupið í Dimmuborgum

18:00 - 20:00 - Happy Hour og tónlist á bakkanum í Jarðböðunum við Mývatn

27. MAÍ

08:30 - Skráning f. keppnir opna í Jarðböðunum

09:30 - Bikarmót í götuhjólreiðum

Mývatnsmaraðun

10:00 - 42 km

12:00 - 21 km

13:00 - 10 km

14:00 - Verðlaunaafhending hjólreiðamóts við Jarðböðin við Mývatn

15:00 - Verðlaunaafhending Mývatnsmaraðons við Jarðböðin við Mývatn

11:00-15:00 - Ratleikur fyrir alla fjölskylduna í Dimmuborgum. Þú sækir og skilar ratleiknum í Kaffi Borgum. Útdráttarverðlaun!


12:15 - 13:00 - Leiðsögn með Umhverfisstofnun um Dimmuborgir.

Mæting við upplýsingaskilti.

18:00 - 20:00 - Happy Hour og tónlist á bakkanum í Jarðböðunum við Mývatn.

17:00-21:00 - Eftirpartý í Gamla Bænum. Happy Hour, tilboð á mat og drykk og stuð frameftir kvöldi.

WWW.MYVATNMARATHON.COM



Skoðið úrval gistiheimila, tjaldsvæða, veitingastaða & afþreyingarmöguleika inn á www.visitmyvatn.is

Útsýnisferðir með Mýflugi í boði alla helgina - www.myflug.is

Jarðböðin við Mývatn verða opin frá 10:00-23:00



Kæru Reykdælingar

og aðrir velunnarar Einarstaðakirkju

Við í sóknarnefnd ætlum að fara í vorhreinsun í kirkjugarðinum okkar föstudaginn 26. maí kl [17:00](#)

og okkur þætti vænt um að sem flestir kæmu að hjálpa okkur. Þið mættuð gjarnan koma með áhöld með ykkur, s.s. hrifur, greinaklippur, orf o.þ.h.

Sóknarnefnd

Frá Félagi eldri borgara í Þingeyjarsveit.

Það styttist í sumarferðina okkar og þá þurfum við að Innheimta greiðsluna. Samkvæmt útreikningum stjórnar verður fullt verð fyrir ferðina kr. 67.000 fyrir hvern mann, en á aðalfundi félagsins var ákveðið að félagið styrkti hvern félagsmann um kr. 10.000. Félagsmenn í FEBP greiði kr. 57.000, en utanfélagsmenn kr. 67.000.

Greiðsla þarf að koma í síðasta lagi föstudaginn 2. júní, á reikning:1110-26-003337,kt. 440708-0210



Menningarverðlaun 2023

Íþróttatómstunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir tilnefningum og ábendingum vegna menningarverðlauna Þingeyjarsveitar 2023. Einstaklingar, hópar eða félagsamtök geta hlotið nafnbótina og tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi. Þar skal fara yfir starf, viðburði og/eða þátt viðkomandi í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd. Rétt til að tilnefna hafa öll félög og íbúar í Þingeyjarsveit. Tilnefningar skal senda á itmnefnd@thingeyjarsveit.is fyrir 1. júní næstkomandi. Verðlaunin verða afhent á hátíðarhöldum í sveitarfélaginu þann 17. júní n.k.

Reglur um menningarverðlaun má finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar undir https://www.thingeyjarsveit.is/static/files/reglugerdir/reglur_um_menningarverdlaun_i_thingeyjarsveit.pdf



Skútustaðakirkja

Hátíðarguðsþjónusta verður á Hvítasunnudag 28. maí
2023 í Skútustaðakirkju klukkan 14:00

Kórar sóknanna syngja.

Organisti og söngstjóri Attila Szebik

Gleðilega hátíð og verið velkomin!

sr.Örnólfur

Skólar Þingeyjarsveitar auglýsa eftir starfsfólki



Þingeyjarsveit er landmesta sveitarfélag landsins og státar af einstakri náttúrufergud og náttúruauðlindum. Sveitarfélagið er sannkölluð útivistarparadís. Atvinnulífið er öflugt með fjölbreyttum möguleikum, m.a. í ferðaþjónustu, landbúnaði og matvælaframleiðslu. Aðstaða er fyrir hendi fyrir störf án staðsetningar. Þingeyjarsveit leggur áherslu á umhverfismál og sjálfbæra nýtingu auðlinda ásamt blómlegu mannlífi.

Íbúar Þingeyjarsveitar eru rúmlega 1400 talsins og í sveitarfélaginu eru starfandi þrjú skólar, hver og einn samrekin leik- grunn- og tónlistarskóli með nemendum frá eins árs til 16 ára. Ekki má gleyma Framhaldsskólann á Laugum í Reykjadal. Góð aðstaða er til þrótaíðkunar í sveitarfélaginu.

Skólar Þingeyjarsveitar leggja áherslu á að búa nemendum og starfsfólki fjölbreytt leik- náms- og starfsumhverfi sem auðgar barnsku barna og örvar þroska þeirra. Mikil samstarf er milli námsþópa innan skólana og teymiskennsla öflug. Skólar Þingeyjarsveitar eru í góðu samstarfi við nágrannaskóla sína og samfélagið í sveitinni. Áhersla er á umhverfismennt og heilsuefandi skólafærni. Skólarnir hafa lagt rækt við ríkar tónlistarhefðir.

Lausar stöður eru við skóla Þingeyjarsveitar næsta skólaár. Við leitum að fólki sem:

- Er umhugað um velferð barna og hlúir að þeim andlega og líkamlega í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins.
- hefur afburða góða samskiptahæfni og metnað til að takast á við fjölbreytt verkefni með nemendum.
- hefur áhuga á skólaþróun og skapandi kennsluháttum.
- er jákvætt og sveigjanlegt, sjálfstætt í vinnubrögðum og sýnir frumkvæði.
- er samstarfsfúst og lausnamiðað, tilbúið að takast á við ný og spennandi verkefni í samstarfi og teymisvinnu.
- er með viðeigandi menntun eða menntun sem nýtist í starfi.

Umsóknafrestur um stöðurnar er til 1. júní og skal umsóknum skilað til viðkomandi skólastjóra. Umsókn þarf að fylgja ferilskrá og afrit af leyfisbréfi ef við á. Gerð er krifa um hreint sakavottorð.

Stórutjarnaskóli stendur í Ljósavattnskarði og er með um 45 nemendur á leik- og grunnskólaaldri.

Við Stórutjarnaskóla er laus staða:

- Aðstoðarmatráður í hlutastarfi frá 15. ágúst 2023.

Áhugasamir þurfa að geta hafið störf 15. ágúst 2023. Nánari upplýsingar veitir Birna Davíðsdóttir skólastjóri í síma 4643220/8483547 eða í gegnum netfangið birnada@sturutjarnaskoli.is

Þingeyjarskóli í Aðaldal er með um 100 nemendur á leik- og grunnskólaaldri, þar af rúmlega 30 leikskólanemendur á tveimur starfsstöðvum.

Við Þingeyjarskóla eru lausar stöður:

- Skólaliða í 80-100% starf frá 15. ágúst 2023.
- Stuðningsfulltrúa við leikskóladeildina Barnaborg í 80-100% starf frá 1. ágúst 2023.
- Yfirmatráði í 100% starf við mótuneyti Þingeyjarskóla frá og með 1. ágúst 2023.
- Leikskólakennara/leikskólafærsmanni við leikskóladeildina Barnaborg á Hafralæk í 100% starf frá 1. ágúst 2023.
- Leikskólakennara/leikskólafærsmanni við leikskóladeildina Krilabæ á Laugum í 60-80% starf frá 1. ágúst 2023.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

Nánari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar Pálsson skólastjóri í síma 4643580 /8990702 eða í gegnum netfangið johannrunar@thingeyjarskoli.is

Reykjahliðarskóli í Mývatnssveit er með um 40 nemendur í 1.-10. bekk og tæplega 30 nemendur í leikskólanum YL.

Við Reykjahlíðarskóla eru lausar stöður:


- Umsjónarkennara á yngsta stigi í 100% starf - afleysing til 1. árs
- Þróttakennara leik- og grunnskólans í 100% starf - afleysing til 1. árs
- Kennara í upplýsinga og tæknimennt í 30-40% starf - afleysing til 1. árs
- Tónlistarkennari í 100 % starf

Í leikskólanum YL eru lausar stöður:

- Leikskólakennara í 80-100% starf frá 1. ágúst 2023 til afleysinga í 1 ár.
- Leikskólakennara í 80-100% starf frá 1. ágúst 2023.
- Leikskólaliða á leikskólann YL í 60-100% starf frá 1. ágúst 2023.

Möguleiki á húsnæði á staðnum.

Nánari upplýsingar veitir Anna Sigríður Sveinbjörnsdóttir skólastjóri í síma 4644375 eða í gegnum netfangið anna@reykjahlidarskoli.is





Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins, Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

Ath ! Verðskrá hækkar nú þann 1. júní 2023 í takti við verðhækkanir á aðföngum tengdum framleiðslu Hlaupastelpunnar.

Verðskrá:

Hálfsíðuauglýsing	kr. 4.600.- m.vsk
heilsíðuauglýsing	kr. 6.620.- m vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið hlaupastelpan@isl.is

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.
Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar
<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir 8953386

Fermingarmessa í Þorgeirskirkju



Ferming í Þorgeirskirkju

Hvítasunnudag 28. maí kl. 15:00.

Verið hjartanlega velkomin.

Sr. Hafdís Davíðsóttir